

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1703**

2022/EES/34/07

frá 13. júlí 2021

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu afurða úr dýraríkinu, sem er að finna í samsettum afurðum, inn í Sambandið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) <sup>(1)</sup>, einkum 234. gr. (2. mgr.), 237. gr. (4. mgr.) og 239. gr. (2. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 <sup>(2)</sup> bætir við dýraheilbrigðisreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu inn í Sambandið. Einkum er í 162. og 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 mælt fyrir um sértækar kröfur vegna komu afurða úr dýraríkinu, sem er að finna í samsettum afurðum, inn í Sambandið Í 162. og 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er ekki kveðið á um sértækar kröfur vegna afurða, að stofni til úr broddi, sem er að finna í samsettum afurðum. Í þessari reglugerð ætti því að skýra nánar kröfurnar sem gilda um komu þessara afurða inn í Sambandið, þegar þær er að finna í samsettum afurðum, í samræmi við reglurnar sem gilda um komu afurða, að stofni til úr broddi, sem kveðið er á um í 153. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, inn í Sambandið.
- 2) Gelatín og kollagen falla undir skilgreininguna á „kjötafurðir“, sem kveðið er á um í 44. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, og því er einungis heimilt að flytja sendingar af gelatíni og kollageni inn í Sambandið sem uppfylla kröfur vegna komu kjötafurða inn í Sambandið. Þó skapa gelatín og kollagen, sem er að finna í samsettum afurðum sem halda stöðugleika við geymslu, mjög litla áhættu fyrir dýraheilbrigði vegna meðhöndlunar sem þær fá meðan á vinnslu þeirra stendur. Af þessum sökum ætti að bæta samsettum afurðum, sem innihalda einungis þessa tegund kjötafurða, á skrána yfir samsettar afurðir sem falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 og þar með er ekki gerð krafa um að þeim fylgi dýraheilbrigðisvottorð heldur er einungis gerð krafa um að þeim fylgi yfirlýsing í staðinn.
- 3) Í samræmi við 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 á yfirlýsing, sem rekstraraðili tekur saman og undirritar, að fylgja samsettum afurðum, sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda ekki kjötafurðir. Á hinn bóginn verða þó unnar afurðir úr dýraríkinu að fara í gegnum stranga meðhöndlun til að draga úr áhættu sem tryggir öryggi þeirra út frá dýraheilbrigðissjónarmiði. Engu að síður virðist óhóflegt að gera kröfu um svo strangar meðhöndlunar til að draga úr áhættu að því er varðar mjólkurafurðir sem eru upprunnar í löndum sem hafa heimild til að flytja hrámjólk eða mjólkurafurðir inn í Sambandið. Að því er varðar þessi þriðju lönd ættu kröfurnar að vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af upprunalandinu og taka ætti tillit til ábyrgða sem lögbær yfirvöld leggja fram. Af þeim sökum ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til að leyfa innflutning inn í Sambandið á samsettum afurðum, sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda mjólkurafurðir sem eru upprunnar frá þriðju löndum sem eru skráð vegna

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2022, ESB L 339, 24.9.2021, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stj. 2016, ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stj. 2020, ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

innflutnings á hrámjólk og mjólkurafurðum inn í Sambandið sem falla ekki undir meðhöndlun til að draga úr áhættu, án þess að þær fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu. Að auki ætti einnig að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til að leyfa innflutning inn í Sambandið á samsettum afurðum, sem halda stöðugleika við geymslu, sem innihalda mjólkurafurðir sem eru upprunnar frá þriðju löndum sem eru skráð vegna innflutnings á mjólkurafurðum inn í Sambandið sem falla undir meðhöndlun til að draga úr áhættu, ef þær hafa fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu í samræmi við 157. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.

- 4) Mjólkurafurðir sem hafa fengið stranga meðhöndlun til að draga úr áhættu og eggjaafurðir sem er að finna í samsettum afurðum, sem halda stöðugleika við geymslu, skapa einungis takmarkaða áhættu, bæði út frá dýraheilbrigðis- og lýðheilsusjónarmiðum. Þess vegna ætti að heimila komu þessara vara inn í Sambandið ef þær koma frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða svæði þess sem er ekki skráð vegna innflutnings á tiltekinni tegund og flokki afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið en er skráð vegna innflutnings á kjötafurðum, mjólkurafurðum eða eggjaafurðum inn í Sambandið.
- 5) Til að komast hjá óþarfa stjórnsýsluálagi við innflutning á sendingum af samsettum afurðum, sem skapa litla áhættu fyrir heilbrigði dýra, inn í Sambandið ætti að heimila að rekstraraðili sem ber ábyrgð á komu sendinganna inn í Sambandið undirriti yfirlýsinguna sem um getur í 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692.
- 6) Reglurnar sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 bæta við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429. Þar eð þessar reglur tengjast innbyrðis er mælt fyrir um þær sameiginlega í einni gerð. Til glöggvunar og vegna skilvirkar beitingar þeirra þykir rétt að einnig sé mælt fyrir um reglur til að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 í einni framseldri gerð sem inniheldur heildstæðar kröfur vegna komu afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið.
- 7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.
- 8) Þar eð framseld reglugerð (ESB) 2020/692 kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð, í þágu réttarvissu, að öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 162. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„162. gr.

**Samsettar afurðir sem innihalda kjötafurðir, mjólkurafurðir, afurðir, að stofni til úr broddi, og/eða eggjaafurðir“**

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Einungis skal heimila komu sendinga af eftirfarandi samsettum afurðum inn í Sambandið ef samsettu afurðirnar í sendingunum koma frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings inn í Sambandið á þeim tilteknu afurðum úr dýraríkinu sem er að finna í þessum samsettu afurðum:

a) samsettar afurðir sem innihalda kjötafurðir,

b) samsettar afurðir, sem halda ekki stöðugleika við geymslu, sem innihalda mjólkurafurðir og/eða eggjaafurðir,

c) samsettar afurðir sem innihalda afurðir, að stofni til úr broddi.“

2) Í stað 163. gr. kemur eftirfarandi:

„163. gr.

#### Sértækar kröfur vegna samsettra afurða sem halda stöðugleika við geymslu

1. Þrátt fyrir i. lið c-liðar 3. gr. skal heimilt að flytja inn í Sambandið sendingar af samsettum afurðum sem innihalda ekki kjötafurðir, að undanskildu gelatíni og kollageni, eða afurðir, að stofni til úr broddi, og sem hafa verið meðhöndlaðar til að halda stöðugleika við geymslu við stofuhita með meðfylgjandi yfirlýsingu, eins og kveðið er á um í 2. mgr., ef þær innihalda:

a) mjólkurafurðir sem uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

i. þær hafa ekki fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu, sem kveðið er á um í XXVII. viðauka, að því tilskildu að mjólkurafurðirnar séu fengnar annaðhvort:

— í Sambandinu eða

— í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings á mjólkurafurðum inn í Sambandið án þess að þær fái sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu, í samræmi við 156. gr., og þriðja landið eða yfirráðasvæðið eða svæði þess þar sem samsetta afurðin er framleidd, ef það er annað, er einnig skráð vegna innflutnings á þessum afurðum inn í Sambandið án þeirrar skyldu að beita sérstakri meðhöndlun til að draga úr áhættu,

ii. þær hafa fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu, sem kveðið er á um í A- eða B-dálki XXVII. viðauka, sem hefur áhrif á dýrategundina sem mjólkinn er úr, að því tilskildu að þær séu fengnar í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings á mjólkurafurðum inn í Sambandið sem hafa fengið sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu, í samræmi við 157. gr., og þriðja landið eða yfirráðasvæðið eða svæði þess þar sem samsetta afurðin er framleidd, ef það er annað, er einnig skráð vegna innflutnings á þessum afurðum inn í Sambandið ef þær hafa fengið sérstaka meðhöndlun til að draga úr áhættu,

iii. þær hafa fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu sem er a.m.k. jafngild þeirri sem um getur í B-dálki XXVII. viðauka, óháð dýrategundinni sem mjólkinn er úr, ef mjólkurafurðirnar uppfylla ekki allar kröfurnar sem kveðið er á um í i. eða ii. lið eða ef þær eru fengnar í þriðja landi, á yfirráðasvæði eða svæði þess sem hefur ekki heimild til að flytja mjólkurafurðir inn í Sambandið en hefur heimild til að flytja aðrar afurðir úr dýraríkinu inn í Sambandið í samræmi við þessa reglugerð,

b) eggjaafurðir sem hafa fengið meðhöndlun til að draga úr áhættu sem er jafngild þeirri sem kveðið er á um í XXVIII. viðauka.

2. Yfirlýsingin sem um getur í 1. mgr.:

a) skal einungis fylgja sendingum af samsettum afurðum í þeim tilvikum þegar Sambandið er lokaviðtökustaður samsettu afurðanna,

b) skal gefin út af rekstraraðila, sem ber ábyrgð á komu samsettu afurðanna inn í Sambandið, þar sem staðfest er að samsettu afurðirnar í sendingunni uppfylla kröfurnar sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Þrátt fyrir i. lið a-liðar 3. gr. skal heimilt að flytja mjólkurafurðir, sem um getur í iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, og eggjaafurðir sem er að finna í samsettum afurðum, sem hafa verið meðhöndlaðar til að halda stöðugleika við geymslu við stofuhita, inn í Sambandið ef þær koma frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða svæði þess sem er ekki sérstaklega skráð vegna innflutnings á þessum afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið en er skráð vegna innflutnings inn í Sambandið á:

a) kjötafurðum, mjólkurafurðum eða eggjaafurðum,

eða

b) lagarafurðum í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625.“

2. gr.

Líta skal á tilvísanir í fyrri a-lið 163. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 sem tilvísanir í 1. mgr. 163. gr. þeirrar framseldu reglugerðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---